

Reykjavík 30.06.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. júní 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Ellidaárdalur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að skipulagsmörkum deiliskipulagsmarka Elliðaárdals er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 1,7 ha. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar sem verða utan skipulagssvæðis. Minnkunin er til að samræma mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegar, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. september 2021, br. 19. maí 2022. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hollvinasamtök Elliðaárdals dags. 4. mars 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Aheytnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Flokkur fólksins leggur til málsmeðferðartillögu um að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals verði frestað.

Málsmeðferðartillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna greiða atkvæði með frestun.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Framsóknar, Pírata og Viðreisnar sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks taka undir áhyggjur og athugasemdir Hollvinasamtaka Elliðaárdals. Hér er verið að fórna dýrmætu útivistarlandi borgarbúa í landfrekt tengivirki fyrir gatnamót sem eru ekki hagstæðasta lausnin í umferðalegu tilliti.

Hér er verið að taka svæði af dalnum að nauðsynjalausu.

Aheytnarfulltrúi Sósíalista leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista harmar að til standi að minnka skipulagssvæði Elliðaárdals.

Þetta er svæði sem verður tekið í burtu á óafturkræfan hátt. Þetta er eitt af okkar dýrmætustu útivistarsvæðum. Koma hefði átt til móts við þau samtök og hóp sem mótmæltu og málið unnið í betra samráði með þeim.

Aheytnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:


Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram málsmeðferðartillögu um að tillögu umhverfisog

skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals verði frestað eins og tillögu Eflu f.h. Reykjavíkurborgar og Kópavogs að nýju deiliskipulag Arnarnesveggar 3. áfanga enda tengjast þessi tvö mál. Málsmeðferðartillagan var felld af meirihlutanum sem og tillagan um frestun máli Arnarnesveggar. Óskað var frestunar þar til nýtt umhverfismat hefur verið gert eins og Framsóknarflokkur lofaði Vinum Vatnsendahvarfs og Náttúruvinum Reykjavíkur í aðdraganda kosninga. Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. dags. 20. september 2021, br. 19. maí 2022, innkomnar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2022.



Gildandi deiliskipulag



Breyting á deiliskipulagi

Elliðaárdalur - deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi - minnkun skipulagssvæðis

Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:

Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Elliðaárdals norðan Breiðholtsbautar er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 1,7 ha.


Breytingin er til komin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar sem verða utan skipulagssvæðisins. Minnkun skipulagssvæðisins er til að samræma mörk deiliskipulagsins við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegjar sem nær m.a. yfir það svæði sem minnkunin nær til.

Stærð skipulagssvæðis Elliðaárdals fer úr 205,7 ha í 204,0 ha.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags Elliðaárdals sem öðlaðist gildi þann 28. apríl 2021.

Samræmi við aðrar áætlanir


Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2040
Rauður hringur sýnir staðsetningu breytingar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

	Deiliskipulagsmörk		Tengistígar
	Lóðarmörk		Náttúrustígar
	Byggingar		Aningastaður / fræðsla
	Víkjandi byggingar		Hestagerði
	Friðlýstar byggingar		Ofanvatnslaut
	Byggingarreitur		Gróður
	Götur og bílastæði		Nútíma hraun
	Samrými hjólandi og akandi		Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
	Reiðstígur/veiðislóði		Hverfisvernd
	Brú		Friðlýst svæði
	Undirgöng		Minjar - verndarsvæði
	Hjólastígar		Minjar
	Stofnstígar		Frisbígolfvöllur



19.05.2022, breytt eftir auglýsingu:
aðalskipulagsmynd skipt út og vísað í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSUPPDRAÐTÚR - SUÐURHLUTI

TEIKN NR:	01	HANNAÐ:	PH/GRG/ÓÍ
KVARDI-A2:	1:2500	TEIKNAD:	ER/GRG/ÓÍ
DAGS:	20.09.2021	VERKNR:	21190



Mótmæli frá Hollvinasamtökum Elliðaárdals vegna tillögu um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals og deiliskipulags fyrir Arnarnesveg

Efni: Á vef Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi skipulagsmál í kynningu:

- Elliðaárdalur Breyting á deiliskipulagi 21.01.2022 til 04.03.2022 og
- Arnarnesvegur Deiliskipulag 21.01.2022 til 11.03.2022

Um Hollvinasamtök Elliðaárdals.

Samtökin voru stofnuð árið 2012 að frumkvæði Hverfisráða Árbæjar og Breiðholts sem fannst dalinn vanta málsvara. Lög samtakanna voru skrifuð af starfsmanni Reykjavíkurborgar og samþykkt á stofnfundi samtakanna. Lögin hafa haldist nær óbreytt allan starfstíma samtakanna en þar kemur fram eftirfarandi um tilgang samtakanna:

Tilgangur félagsins er að mynda sátt um ytri mörk Elliðaárdalsins sem og byggingar, vegaframkvæmdir og önnur mannvirki innan og á mörkum þess. Sáttin verði byggð á sjónarmiðum náttúruverndar, útivistar og menningar.

Í stjórn Hollvinasamtakanna hafa meðal annars setjið Guðrún Ágústsdóttir fyrrverandi forseti borgarstjórnar en hún hefur stýrt flestum aðalfundum samtakanna. Stefán Pálsson sagnfræðingur og Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns fyrrum stjórnarmenn en eru núna skoðunarmenn reikninga hjá Hollvinasamtökunum.

Í núverandi stjórn eru:

- Halldór Páll Gíslason formaður, íbúi í Árbæ
- Anna Sif Jónsdóttir gjaldkeri, íbúi í Breiðholti
- Guðmundur Tryggvi Sigurðsson varaformaður, íbúi í Fossvogi
- Anni Haugen, íbúi við Rafstöðvarveg í Elliðaárdalnum
- Kristján Hreinsson ritari, fyrrum íbúi í Breiðholti, nú Mosfellsbæ
- Halldór Frímannsson, íbúi í Árbæ
- Halldóra Sveinsdóttir, íbúi í Árbæ
- Varamenn sitja alla stjórnarfundi, þeir eru:
- Guðrún Helga Theodórsdóttir íbúi í Árbæ
- Jósep Guðlaugsson íbúi í Hólahverfi í Breiðholti

Það skal skýrt tekið fram að samtökin eru ópólitísk og leitast við að vinna málefnalega að hagsmunum dalsins. Menntun og bakgrunnur stjórnarmanna er mismunandi en stjórnarmenn þekktust flestir ekkert áður en kynni tókust vegna sameiginlegs áhuga á dalnum en allir eiga það sameiginlegt að vera einstaklingar sem hafa látið sig samfélagsmál varða í gegnum tíðina hvort sem það hefur verið í gegnum íþróttafélög, foreldrafélög eða á öðrum vettvangi. Meðal annars var Anna Sif valinn Reykvíkingur ársins 2017 vegna starfa sinna í foreldrafélagi Breiðholtsskóla.

Útivistarsvæðið Elliðaárdalur

Fjöldi manns er alltaf að njóta dalsins og við verðum í síauknu mæli vör við mikilvægi hans sem útivistarparadísar. Hjólaumferð í dalnum hefur aukist gríðarlega og túristum fer fjölgandi í dalnum.

Framundan er bygging nýrra íbúahverfa í Vogabyggð annars vegar og á Björgunarlóð hins vegar og ljóst er að íbúar í þessum hverfum munu sækja í dalinn til útivistar og hreyfingar.

Þessi dalur eru gríðarleg almannagæði og við mótmælum því að hluti dalsins, þó að um það sé að ræða, sé tekinn undir umferðarmannvriki

Skipulagsmál

Samtökin mótmæltu aðalskipulagi á sínum tíma, þann 31. maí 2013 sendum við mótmæli og bentum meðan annars á:

„Í skipulagsmálum þarf að afmarka og skýra ytri mörk dalsins og vinna allt skipulag með heildarhagsmunum dalsins að leiðarljósi. Því teljum við mikilvægt að vinnu við deiliskipulag dalsins og afmörkun hverfisverndarsvæðisins verði flýtt eins og kostur er. Einnig óskum við eftir að skipulagsvinna á svæðum tengdum dalnum, sérstaklega svæði norðan Stekkjarbakka, austan Suðurfells og Ártúnsholts-Rafstöðvarveggar verði unnin samhliða deiliskipulagi og afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Elliðaárdalinn.“

Þarna er sérstaklega minnst á þrjú svæði, Stekkjarbakka, **Suðurfell, sem er eina beina aðgengi fjölbýlishúsanna í Fellahverfi að dalnum**, og svæði við Rafstöðvarveg.

Samtökin hafa í gegnum tíðina tekið afstöðu til margra málefna sem varða dalinn, með eða á móti eftir atvikum.

Okkar aðal áhersla er að ytri mörk dalsins verði ekki skert frá því sem nú er og tryggð með verndun, friðlýsingu eða á annan máta.

Við upphaf hugmynda af þessum ofanbyggða vegi var talað um að hafa eins gatnamót á Breiðholtsbraut og Arnarnesvegi og eru á Reykjanesbraut og Arnarnesvegi. Í þeirri greinargerð sem var gerð þá var talað um að hæðamunur á þessu báðum gatnamótum myndi vinna með þeirri tegund gatnamóta

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu er horfið frá þessum áformum með illa ígrunduðum gatnamótum sem uppfylla ekki einu sinni þá grunn skilgreiningu að stuðla að umhverfisvænum samgöngum innan borgarmarkanna.

Í upphafi hugmynda að Borgargarði í Elliðaárdalnum var talað um 400 hektara svæði sem myndi falla undir skilgreiningu Borgargarðs en í vinnslu meirihluta borgarstjórnar var þetta svæði skorið niður í rúmlega 200 hektara sem tilheyra Borgargarði í dag og nú stendur til að skerða það svæði enn frekar. Þetta er óásættanleg aðgerð að hálfu meirihluta borgarstjórnar sem alltaf dásamar þessa útivistarperlu innan borgarmarkana í aðdraganda borgarstjórnakosninga en man svo ekkert daginn eftir kjördag.

Þessi gatnamót þurfa að vera skipulögð með framtíðarsamgöngumáta að leiðarljósi, en í dag er talað um að bílum fækki á hvert heimili og þeir verði stærri. Smærri bílar komi til með að heyra sögunni til (Toyota Yaris og álíka stórir bílar) og hjólabílar komi í staðinn sem ætlaðir eru til nota á hjólastígum, eins og Podbike, CityQ, PodRide og Bio-Hybritd. Þessi breyting á samgöngum á norðlægum slóðum kemur til með að kalla á að lágmarki 3,5 metra breiða hjólastíga þar sem hjólabílar mega vera allt að 80 cm breiðir. Það er sú breidd sem Evrópusambandið er að leggja upp með sem lágmarksbreidd á hjólastígum í framtíðinni. Til að hraða þróun á smáhjólabíla markaði samþykkti Evrópusambandið gundvallarbreytingu á reglum varðandi rafhjól. Samkvæmt því þarf ekki lengur að vera „bein tenging“ á milli fótstígs og hreyfibúnaðar (keðju eða reimar) heldur getur notandinn með fótstigi knúið rafal til að knýja mótór fyrir drifás. Þetta kemur til með að einfalda til muna framleiðslu á þessum farartækjum.

Þá er einnig til umræðu hjá Evrópusambandinu að samræma hámarkshraða á rafmagnshjólum en þar er talað um að hækka hámarkshraða í 32 km (20 mílur) fyrir fótstigin rafhjól.

Í ljósi þessa er ljóst að breidd hjólastíga í borginni kemur ekki til með að vera næg til þess að þjóna þessum breyttu aðsæðum sem verða með tilkomu hjólabíla.

[EU Commission finally confirms: Series Hybrid Cycles are EPACs excluded from L-category LEVA-EU](#)

Einfaldleiki ljósastýrðra gatnamóta verður sennilega seint véfengdur þar sem rautt ljós þýðir stopp og grænt ljós þýðir að aka megi af stað. En þessi tegund gatnamóta hefur marga ágalla í för með sér, sem leitt hefur til þess að önnur lausn á gatnamótum hefur sífellt verið að að ryðja sér til rúms um allan heim og ekki síður hér á landi. Þessi tegund gatnamóta eru hringtorg í nokkrum í sér svo til óhindrað flæði umferðar um gatnamótin. Einnig minnkar þessi lausn þann tíma sem fer til spillis við það að stoppa og taka af stað við ljósastýrð gatnamót, auk þess sem viðhald við ljósastýringar gatnamóta verða óþarfar. Einnig minnkar til muna mengun vegna biðtíma á ljósum, því að meðalbifreiðin losar um 300 gr. af CO₂ við það að ganga í lausagangi í 5 mínútur, þegar verið er að ljósastýra stofnbrautum með auknum umferðarpunga sem er fljótt að telja. Einnig sýna erlendar rannsóknir fram á það að afkastageta hringtorga er mun meiri en ljósastýrðra gatnamóta. Í þessu ljósi er óskiljanlegt að þessi hugmynd að lausn gatnamóta Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar skuli vera lögð fram sem eina mögulega tillaga borgaryfirvalda í Reykjavík til lausnar á þessum gatnamótum. **Landið sem þarf undir slík gatnamót er í engu samræmi við það sem rétt hönnuð hringtorg myndu taka til sín. Hér er verið að fórna dýrmætu útivistarlandi borgarbúa í landfrekt tengivirki fyrir gatnamót sem eru ekki hagstæðasta lausnin hvað varðar mengun og afköst í umferðalegu tilliti. Hér er verið að taka svæði af dalnum að nauðsynjalausu.**

Stjórn Hollvinasamtakanna þykir það miður að borgaryfirvöld skuli ekki muna eftir samtökunum þegar verið er að fjalla um Elliðaárdalinn í málum sem þessum, með því að gefa þeim kost á að veita umsögn.

Á þessum forsendum mótmælum við tillögu um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals og deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg

Reykjavík, 4. mars 2022.

Virðingarfyllst,

Halldór Páll Gíslason (sign)

formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdals.




Reykjavík 19. maí 2022

Varðar: Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að skipulagsmörkum deiliskipulagsmarka Elliðaárdals er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 1,7 ha. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar sem verða utan skipulagssvæðis. Minnkunin er til að samræma mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegar, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. september 2021. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hollvinasamtök Elliðaárdals dags. 4. mars 2022.

Í athugasemd Hollvinasamtakanna þá er mótmælt auglýstri tillögu fyrir Elliðaárdalinn, einkum að hluti dalsins (þó að um jaðar sé að ræða) sé tekinn undir umferðarmannvirki auk þess sem samtökin telja umrætt mannvirki / gatnamót illa ígrunduð þar sem ljósastrýð gatnamót þarna telja þau hafa marga ágalla í för með sér. Finnst önnur tegund gatnamót mun ákjósanlegri þ.e. með hringtorgum. Telja þau að landið sem þarf undir slík gatnamót sé í engu samræmi við það sem rétt hönnuð hringtorg myndu taka til sín og verið að fórna dýrmætu útivistarlandi borgarbúa í landfrekt tengivirki fyrir gatnamót.



Auglýst tillaga.

Svör: Um víðtækt samráð hefur verið í lengri tíma um útfærslu Arnarnesvegjar og þeirra gatnamót sem talin eru æskileg við Breiðholtsbraut á milli Vegagerðar, Reykjavíkurborgar og Kópavogs. Vegagerðin er framkvæmdaraðili og styður þessa útfærslu. Ekki er talin ástæða á þessu stigi til að breyta þeirri útfærslu þó lítillaga þurfi að skerða af skipulagssvæði Elliðaárdalsins, ekki er talið að umrætt svæði við fyrirhugað mannvirki Arnarnesvegjar skv. aðalskipulagi sé verðmætt útivistarsvæði á þessum kafla og unnið hefur verið umtalsvert í forhönnun með hljóðvist, útfærslu á nýjum hjóla- og göngustígum og gróðursetningar til að koma á mótis við þá skerðingu sem gatnamótin hafa í för með sér fyrir skipulagssvæði Elliðaárdalsins á þessum stað.

Niðurstaða

Lagt er til að auglýst tillaga fyrir skiplagið verði samþykkt óbreytt, þó með þeirri smávægilegu uppfærslu að aðalskipulagsmynd hefur verið skipt út í hægra horninu uppdráttur efst, þar sem frá því tillagan var auglýst þá hefur nýtt aðalskipulag Reykjavíkur 2040 verið staðfest. Uppdráttur er þannig uppfærður í samræmi og fær samhliða, breytingardags. 19. maí 2022.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**